

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Nesbik ehf Krossanes, Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	17.8.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Nesbik ehf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Óseyri 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	681207-2520	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steindór Sigursteinsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Prastardóttir	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik komu fram í eftirlitinu er varða að rekstraraðili hefur ekki sótt um yfirfærslu yfir á nýjan rekstraraðila, umhverfismarkmið vantar sem og verklagsreglur um löngun olíu, skráningar voru ekki aðgengilegar í eftirlitinu og rekstrarhandbók var ekki til staðar. Ein ábending var gerð varðandi að senda skal niðurstöður frárennismælinga um leið og þær berast rekstraraðila eða að mælingar séu gerðar í viðurvist eftirlitsaðila.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Stöðin er lítil og telur einn stóran bikgeymi og tvo minni geyma sem innihalda annars vegar lífolíu og hins vegar terpentínu. Stöðin er í starfsemi allt árið og koma skip til löndunar 4-5 sinnum á ári. Nýtt myndavélakerfi er í stöðinni sem fylgist bæði með nærumhverfi og stöðinni sjálfri, bæði innan og utandyra. Starfsmaður stöðvarinnar fer daglega og kannar ástandið á staðnum.

Rekstraraðili hefur skilað inn áætlun um rekstrarstöðvun og áhættumati og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda til eftirlitsaðila. Uppfærsla hefur orðið á þessum áætlunum en aðlaga þarf þær að nýjum rekstraraðila og sendir rekstraraðili nýja uppfærslu til eftirlitsaðila. Trygging skv. gr. 2.8 í starfsleyfi eru til staðar en hana þarf að uppfæra m.t.t. nýs rekstraraðila.

Enn á eftir að skila inn verklagsreglum um löndun olíu og umhverfismarkmiðum.

Í stöðinni starfa fáir starfsmenn og litið er um mannabreytingar. Fóru starfsmenn á námskeið í vor varðandi ADR réttindi. Endurmenntun er sett upp eftir þörfum en ekki er fylgt ákveðnu plani er það varðar.

Olúskilja var þjónustuð þann 18. júlí 2017. Bent er á yfirfara þarf skiljuna á sex mánaða millibili og tæma eftir þörfum skv. gr. 3.5 í starfsleyfi.

Áfyllingaplan er malbikað og frárennsli tengd olúskilju. Keðja með hengilás er við innkeyrslu inn í lekavarnarþróna utanum stærsta geyminn.

Engar kvartanir varðandi stöðina hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti. Minnt er á að öll óhöpp þarf að tilkynna til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina, lekavarnaþrær skoðaðar sem og útisvæði. Lokar í steyptri lekavarnaþró sem geymir lífolúgeymi og terpentínu eru ekki sjálfvirkir en stóðu þeir lokaðir er eftirlitið fór fram.

### Frávik frá

Gr. 1.1 í starfsleyfi

### Lýsing á fráviki

Rekstur stöðvarinnar hefur verið færður yfir á nýjan rekstraraðila, Norðurbik, en sækja þarf um yfirfærslu leyfisins til Umhverfisstofnunar áður en rekstur hefst á nýrri kennitölu.

Gr. 2.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili átti að setja sér umhverfismarkmið fyrir 1. mars 2016 og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmið hafa ekki

verið sett.

Gr. 3.4 í starfsleyfi

Setja skal upp og fylgja verklagsreglum um löndun olíu þar sem fram kemur hvernig öllum tengingum skal vera háttað og tryggt að olía smitist ekki út í umhverfið. Verklagsreglur eru þekktar hjá starfsmönnum stöðvarinnar en hafa ekki verið settar niður á blað.

Gr. 4.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skráningar voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirlitinu.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Í stöðinni skal rekstrarhandbók vera aðgengileg fyrir starfsmenn og eftirlitsaðila. Rekstrarhandbók hefur ekki verið unnin og var því ekki til staðar í eftirlitinu.

#### **ATHUGASEMDIR**

Bent er á að senda þarf niðurstöður mælinga vegna olíu í frárennsli til eftirlitsaðila um leið og þær berast rekstraraðila eða gera mælingarnar í viðurvist eftirlitsaðila í eftirliti.

#### **ANNAÐ**

Bent er á að þykktarmæla þarf geyma fyrir terpentínu og lífolíu nú í ár.

Viðstaddur eftirlitið var einnig Gunnar Helgi Steindórsson

Reykjavík, 04.09.2018

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir